



Íslandssjóðir hf. – Árshlutauppgjör 2011

Stjórn Íslandssjóða hf., sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, hefur staðfest árshlutareikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011.

Afkoma Íslandssjóða hf. fyrstu 6 mánuði ársins 2011

- Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning Íslandssjóða og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.
- Hagnaður rekstrarfélagsins eftir skatta fyrstu 6 mánuði ársins 2011 er 98 m.kr. samanborið við 124 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Rekstrargjöld námu 419 m.kr. samanborið við 328 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður og hækkuðu um 27,7%.
- Hreinar rekstrartekjur námu 541 m.kr. samanborið við 479 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður, jukust um 12,9%.
- Eigið fé 30. júní 2011 nam 1.593 m.kr. en var 1.559 m.kr. í ársbyrjun.
- Heildareignir félagsins 30. júní 2011 námu 2.939 m.kr. en voru 2.986 m.kr. í árslok 2010.
- Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 154,9% í lok júní, en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%.
- Fjármunir sjóða í stýringu Íslandssjóða hf. námu 113.228 m.kr. í lok júní samanborið við 115.607 m.kr. í árslok 2010.
- Í lok júní 2011 voru 16 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 113.228 milljónum króna samanborið við 115.607 m.kr. í lok árs 2010. Þar af eru 12 verðbréfasjóðir með hreina eign að upphæð 109.724 milljónir króna og 4 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að upphæð 3.504 milljónir króna. Einn sjóður sem skráður er í Lúxemborg er í stýringu félagsins.
- Í lok júní sl. voru fjórir sjóðir í slitaferli hjá Íslandssjóðum. Um er að ræða fyrirtækjaskuldabréfasjóðina Sjóð 1 og Sjóð 11 ásamt erlendu peningamarkaðssjóðunum í EUR og USD. Frá upphafi slitameðferðar þessara fjögurra sjóða auk 9.2 NOK, sem slitið var árið 2010, hafa verið greiddar út alls 26.035 milljónir króna til hlutdeildarskírteinishafa.
- Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af Deloitte hf. en við könnun kom ekkert fram sem bendir til annars en að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á fyrstu 6 mánuðum ársins 2011.
- Í lok júní 2011 störfuðu 13 starfsmenn hjá Íslandssjóðum. Framkvæmdarstjóri félagsins er Agla Elísabet Hendriksdóttir.

Lykiltölur í m.kr.

	6 mán. 2011	6 mán. 2010
Hreinar rekstrartekjur	541	479
Rekstrargjöld	419	328
Hagnaður fyrir skatta	123	151
Hagnaður eftir skatta	98	124
Eigið fé	1.593	1.424

Afkoma verðbréfasjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður verðbréfasjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini á fyrstu 6 mánuðum ársins nam 2.120 m.kr. samanborið við 6.666 m.kr. hagnað fyrstu sex mánuði ársins 2010.
- Hrein eign verðbréfasjóða Íslandssjóða nam 109.724 m.kr. samanborið við 112.642 m.kr. í árslok 2010.

Lykiltölur í m.kr.

	Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	Urvalsvísitala - Sjóður 6	Löng ríkissk.br. - Sjóður 7	Heimssafn - Sjóður 12
Hagnaður (tap) tímabilsins	526	1	1.308	22
Hrein eign í lok tímabils	33.573	212	37.151	734

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn – Ríki og sjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	(123)	167	3	(0)
Hrein eign í lok tímabils	21.234	12.483	219	103

	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals verðbréfasjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	90	139	(5)	(9)	2.120
Hrein eign í lok tímabils	1.414	2.190	144	267	109.724

Afkoma fjárfestingarsjóða Íslandssjóða fyrstu sex mánuði ársins

- Hagnaður fjárfestingarsjóða Íslandssjóða færður á hlutdeildarskírteini fyrstu sex mánuðina nam 19 m.kr. samanborið við 73 m.kr. hagnað fyrstu 6 mánuðina 2010.
- Hrein eign fjárfestingarsjóða Íslandssjóða nam 3.504 m.kr. samanborið við 2.965 m.kr. í árslok 2010.

Lykiltölur í m.kr.

	Fókus - Vextir	Úrval innl. hlbr. - Sjóður 10	Sjóður 9.1 EUR	Sjóður 9.3 USD	Samtals fjárfestingarsjóðir
Hagnaður (tap) tímabilsins	(17)	78	(43)	1	19
Hrein eign í lok tímabils	1.740	1.269	91	405	3.504

Árshlutareikningur félagsins munu liggja frammi hjá félaginu í húsnæði Íslandsbanka Kirkjusandi, 4. hæð og á www.islandssjodir.is frá og með 6. september 2011.

Nánari upplýsingar um árshlutareikning Íslandssjóða hf. veitir Agla Elísabet Hendriksdóttir, framkvæmdastjóri félagsins í síma 440-4917.